

**24. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 18. desember 2000, kl. 11:30 – 16:00**

**Mættir:** Friðjón Þórðarsson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigurður Þórólfsson, Guðmundur Ólafsson, Trausti Tryggvason, Sigríður Stefánsdóttir, ritari.

Formaður setti fundinn á Hótel Borg þar sem nefndarmenn snæddu jólahlaðborð og gengu síðan til fundar í húsakynni ráðuneytisins í Lækjargötu.

Fyrir fundinum liggur dagskrá:

1. Fundargerð 23. fundar samþykkt.

**2. Svarbréf við ítrekun á bréfi til Vegagerðar ríkisins dags. 10/11 2000.**

Formaður yfirfór innihald bréfsins fyrir fundinum.

**3. Ferðareikningar**

Formaður bað nefndarmenn að ganga frá ferðakostnaðareikningi við ráðuneytið svo ganga mætti frá greiðslum til nefndarmanna. Ráðuneytinu verður sent yfirlit yfir fjölda fundartíma í nefndinni nú allara næstu daga.

**4. Starfsleyfi fyrir kræklingarækt Hofstaðavogi.**

Formaður yfirfór bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 24/11 2000 um starfsleyfi fyrir kræklingarækt Hofstaðavogi. Nefndarmenn voru ánægðir með afgreiðslu erindisins.

**5. Efnistaka af sjávarbotni, Grundarfirði og lenging Stórubryggju í Grundarfjarðarhöfn.**

Gþ sagði frá því að hún hefði haft samband við Skipulagsstofnun ríkisins og hefði hún greint þeim frá því að nefndin kæmi saman 18.12.2000 og yrði innsendu erindi svarað í framhaldi af því. Gþ lagði fram umsagnir við erindi þessu frá Skipulagsstofnun ríkisins frá eftirtöldum:

Náttúruvernd ríkisins	23/11 2000
Sveitarstjórnin í Grundarfirði	22/11 2000
Hafrannsóknarstofnun	28/11 2000
Þjóðminjasafn Íslands	27/11 2000

Fram kom í umfjöllun nefndarmanna að upplýsingar vantaði í gögn málsins um *botndýralíf*. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er þáttur botndýralífs ekki tekin fyrir. Afgreiðsla:

Nefndarmenn álitu að ofangreind framkvæmd eins og henni er líst í gögnum málsins sé háð mati á umhverfisáhrifum sbr. b lið, iii, 2. tl. 3. viðauka sbr. 2 viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**6. Svarbréf umhverfisráðuneytisins dags. 18/12 2000 við bréfi Breiðafjarðarnefndar dags 29/09 2000.**

Nefndarmenn ræða efnisinnihald bréfsins og telja að með óbreyttu fjármagni gerist lítið í þessum málum. Nefndarmenn óhressir með afgreiðslu ráðuneytisins og skilja ekki hvers vegna nefndinni hafi ekki verið áætlað aukið fjármagn á fjárlögum svo hægt

verði að hrinda einhverjum verkefnum Verndaráætlunarinnar í framkvæmd. Afgreiðsla:  
Formanni og varaformanni falið að ganga frá bréfi og ræða við ráðherra um að hann leggi  
nefndinni til fjármagn af ráðstöfunarféi ráðuneytisins. Nefndin óski eftir því við ráðuneytið  
að það standi fyrir útgáfu á Verndaráætlun Breiðafjarðar.

**7. Önnur mál.**

Ritara þökkuð störf í þágu nefndarinnar.

Fundi slitið kl: 16:00